

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

792. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. maí 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa ungmennaráðs og íþrótt- og tómstundafulltrúa.
2. Aðalfundarboð Selaseturs Íslands.
3. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins..

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar ungmennaráðs Guðrún Helga Magnúsdóttir, Ragnar Bragi Ægisson og Kolbrún Erla Gísladóttir ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem ungmennaráðið hefur unnið að frá hausti 2012. Lögð fram skýrsla ungmennáþings 2013.
2. Lagt fram fundarboð aðalfundar Selaseturs Íslands sem haldinn verður í Dæli fimmtudaginn 6. júní n.k. kl 20:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
3. Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 21.05.2013 um Dag íslenskrar náttúru 2013 sem haldinn verður hátíðlegur þann 16. september næstkomandi Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar umhverfisstjóra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:14:31

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín R. Línadal.

Stefán Böðvarsson.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.